

Fundur í stjórn félags náms- og starfsráðgjafa.

Föstudaginn 23. september, kl. 14:00 í Kringlunni

Mættir: Ingibjörg, Unnur, Soffía. Margrét var á skype.

1. Uppskeruhátíð frestað fram á vor
2. Stefnumótunarfundur nefnda og ráða FNS sem haldið var 2. sept. Um 30 manns sitja í nefndum og ráðum FNS en tæplega 20 manns mættu á fundinn. Þetta fyrirkomulag þykir gott, í gegnum tíðina hafa föstudagar verið taldir bestir en hvað er hægt að gera svo fleiri verði virkir?
3. Kjararáð grunnskóla, ennþá vantar tvo fulltrúa. Nokkur nöfn komu í hugann, Ingibjörg ætlar að fara í málið.
4. Íslandmót og framhaldsskólakynning 16. til 18. mars 2017. Ingibjörg og Kristín Birna fóru á kynningarfund. Sent verður bréf á alla grunnskóla á landinu og þeim sagt frá mótinu og framhaldsskólakynningunni. Einhver styrkur er í boði fyrir skóla á landsbyggðinni til að fara á kynninguna, en það er óljóst hvaða kostnað hann dekkar. Ingibjörg ætlar að óska eftir því að fá afrit af bréfinu og senda það á póstlista FNS til að passa að bréfið berist náms- og starfsráðgjöfum grunnskólanna en ekki bara til skólameistara.
5. Dagur náms - og starfsráðgjafa
 - a. Félagið er 35 ára, dagurinn 10 ára og námsbrautin átti nýlega afmæli. Hugmynd að halda afmælisveislu, gerð verði tímalína og farið yfir söguna.
 - b. Soffía ætlar að semja bréf til ráðherra til að óska eftir styrk út af deginum.
 - c. Fræðslunefnd heldur áfram að vinna í deginum ásamt Ingibjörgu formanni.
6. Upplýsinga og samskiptanefnd (Hrönn, Ester, Álfhildur og Dóra ásamt Ingibjörgu) hittist, fresta á gerð bæklinga fram yfir dag náms- og starfsráðgjafa til að fá hugmyndir frá félagsmönnum á deginum. Bæklingurinn á að vera tilbúinn fyrir Íslandsmótið í mars. Vinna á í því að gera fleiri myndbönd en við fáum styrk frá Evrópumíðstöðinni til að gera 6-8 myndbönd til viðbótar. Miðstöðin styrkir bækling en ef til vill gæti hún líka styrkt útgáfu á rafrænublaði fyrir dag náms- og starfsráðgjafa.
7. Styrkir. Ingibjörg er að sækja um SEF styrki og einnig ætlar að ræða við Evrópumíðstöðina.
8. Norrænt samstarf. Margrét er að fara á haustfund norræna samstarfsins í 28. október í Finnlandi. Við erum síðan að taka við norræna ráðinu
9. Önnur mál

- a. Þuríður þarf að athuga hvernig netföngum sé breytt á fns listanum
- b. Spurning hvort hægt sé að setja inn í bréfið til skólastjóra um endurmenntun náms og starfsráðgjafa þannig að það verði auðveldara fyrir þá að sækja viðburði á vegum félagsins.